

Aðalfundur Snarfara – fimmtudaginn 1. febrúar 2024

Mættir eru um 60 Snarfarafélagar

Fundargestir voru látnir merkja við sig við inngang, að venju, og fengu þeir eintak af prentuðum ársreikningi félagsins fyrir árið 2023.

Fundur settur kl. 20:01.

Formaður kemur í pontu og leggur til Finn Torfa sem fundarstjóra og Pétur Valmundarson sem fundarritara og óskar eftir tillögum að öðrum séu þær einhverjar. Ekki kemur nein tillaga og eru fundarritari og fundarstjóri sjálfkjörnir.

Fundarstjóri tekur til máls og leggur til að fundurinn byrji strax og býður formanni orðið.

### **Skýrsla stjórnar og umræður**

Formaður flytur skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri tekur við og býður mönnum að bera upp athugasemdir vegna skýrslu stjórnar;

Félagsmaður úr sal tekur til máls og hrósar þeim framkvæmdum sem eru í gangi. Spurt er um stöðu- og byggingarleyfi vegna gámahúsi: Svar formanns er á þá leið að teikningar liggi fyrir hjá RVK borg vegna viðgerðarskemmu en varðandi stöðuleyfi á bátaskýli þá er erindi inni hjá RVK borg þá hvort komi til bygginga- eða stöðuleyfis. Bæði málin eru í vinnslu.

Annar félagsmaður hrósar stjórninni og lýsir yfir stuðningi.

Félagsmaður spyr út í hæð sundarbrúar um að engar athugasemdir hafi borist borginni um hæð brúarinnar, 6 metrar. Formaður svarar um að hér séu um algjörlega misjafnar upplýsingar um að ræða. Þ.e. aldrei hafi komið frá Snarfara að 6 metrar dygðu til, frekar um 20 metrar ef skúturnar eigi að komast undir.

Spurt út í kostnað og hvar hann lendir ef Snarfari tekur yfir dýpkunarverkefni. Einfalt svar formanns; Reykjavíkurborg borgi brúsann.

Spurt út í lokun á B og C bryggju; Stendur til að taka landganginn á A bryggju og verði tjón á landgangi eða bryggju, lendir sá kostnaður á félaginu eða þeim bátaeigendum sem eru enn niðri í trássi við tilmæli og samþykktar reglur. Svar formanns; tjón lendi alltaf á félaginu, ekki sé hægt að láta tjón falla á einstaka félagsmenn.

Spurt út í malarsvæðið aftan við hús. Svar formanns er að í náinni framtíð þurfi að leggja sverar lagnir ofan í jörðu og það er ekki fyrr en að því loknu sem hægt verði að ráðstafa því plani.

Athugasemd varðandi akstur og menn aki eins og menn. Svar formanns er hvatning um að virða hámarkshraða.

Ætlar félagið að kaupa fleiri vöggur og leigja þær? Svar formanns: Nei, vöggur verði seldar nema tvær, ein skútu og ein mótorbátavagga. Ekki sé það félagsins eða stjórnarmanna að viðhalda vöggum heldur eigenda báta. Vandamálin séu það mörg að félagsmenn eigi að sjá sjálfir um þína vöggur.

Spurning úr sal: Vöggur er eitthvað sem á að auka en ekki minnka, svona séu hafnir reknar. Með vöggur en ekki kerrur.

Svar formanns; Ekki sé það stjórnarinnar að halda úti vöggurekstri með tilstandandi viðhaldi og viðgerðum.

Spurning úr sal: Kostnaður vegna tjóns á bryggjum veturinn 22-23?

Svar formanns; Ekki verður gert við bryggjur fyrr en í vor. Það er ljóst að það hleypur á einhverjum milljónum. Er þetta tryggt, nei það er ekki hægt.

Spurning úr sal: Hvenær á að opna bryggjurnar?

Svar formanns; Opnunin er strax í vor. Formlega 1. Apríl en hugsanlega fyrr ef viðrar vel.

Spurning úr sal: Hafa verið rædd tímamörk á geymslutíma báta uppi á landi?

Svar formanns; Ekki verið rætt. Bátar verið uppi á landi í tugi ára en allir greiði fyrir sín aðstöðugjöld. Á meðan það sé gert þá fái menn að hafa báta sína á landi innan svæðis.

Spurning úr sal: Eiga bátaeigendur ekki vöggur eða vagna sem ekki hafa enn tekið upp báta?

Svar formanns; Tveir bátaeigendur eiga kerrur aðrir ekki.

Spurning úr sal: Er meiningin að setja þak yfir bátaskýlið og hvernig verði úthlutun?

Svar formanns; Já það komi þak og hurðar og úthlutun verði útfærð síðar.

Spurning úr sal: Hvers vegna er bryggjum lokað?

Svar formanns; Vegna tjóna af völdum íss í höfninni. Tvisvar síðasta vetur.

Spurning úr sal: Þegar opnað, fá menn sömu stæði?

Svar formanns; Já, því er ekki beytt.

Spurning úr sal: Tjón á bryggjum er ekki bátum að kenna. Er ekki hægt að koma í veg fyrir vandann?

Svar formanns: Rétt er að bátar valda ekki tjóni. En vandamálið er ís. Áður en stífan kom var keðja út í bryggju. Stífan hefur gert sitt gagn. Formaður heldur áfram með útskýringar á málinu og ræðir mögulegar lausnir.

Spurning úr sal: Félagsmaður lýsir því yfir að hann vilji ekki standa undir kostnaði af vöggum fyrir aðra. Fleiri félagsmenn taka undir þetta.

Spurning úr sal: Ef félagið hefur samþykkt að loka höfninni á félagslegan hátt, eiga þá ekki félagsmenn að virða það? – Lófatak í sal.

Spurning úr sal: Stífan úr landi í bryggju skemmir bryggjurnar, ekki bátar?  
Svar stjórnarmanns: Bryggjan gengur fram og aftur meðan stífan er ekki.

Fundarstjóri segir þá opinn umræðutíma lokið og leggur fram atkvæðagreiðslu hvort skýrsla formanns sé samþykkt.

Skýrslan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og fundarstjóri færir því fundinn í næsta mál.

### **Ársreikningur**

Jóhann Rúnar Guðbjarnason fer yfir ársreikning félagsins og útskýrir hann lið fyrir lið. Spurningar úr sal fyrir frekari útskýringar koma og gjaldkeri veitir því góð svör. Fundarstjóri óskar eftir samþykki fyrir ársreikningi sem er að fullu samþykktur.

### **Gjaldskrárbreytingar**

Liðurinn færður undir liðinn „önnur mál“ sem fundur samþykkir

### **Kosningar**

Formaður: Hafþór Lyngberg Sigurðsson  
Stjórnarmenn til tveggja ára: Jóhann Rúnar Guðbjarnason og Hörður Már Harðarson  
Þrír varamenn: Jón Rósmann Mýrdal, Jónas Hermannsson og Pétur Örn Valmundarson.  
Félagslegir endurskoðendur: Finnur Sveinbjörnsson og Ottó H Guðmundsson.

Engar aðrar tillögur bárust og eru þessir menn því kjörnir samhljóma.

### **Önnur mál**

Formaður tekur til máls

Stjórn gerir tillögu um að A bryggja verði opin að vetrarlagi og bátaeigendur greiði því vetrargjald 15.okt-15.apríl.

Með: 30

Móti: 3

Tillagan er því samþykkt.

Tillaga félagsmanns um að næturvaktir skuli stytta í 23-02.

Formaður fær orðið og útskýrir nánar hugmyndina þó tillagan hafi upprunalega komið frá félagsmanni.

Athugasemd um næturvaktir um að sleppa megi rölti niður á bryggju. Athugasemd er komið til stjórnar.

Tillagan er samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Spurning úr sal hvort flakkar eigi kost á því að nýta sér A bryggjuna.

Svar stjórnar: Já allir eigi kost á þessu.

Spurning úr sal hvort sé hægt að taka part úr vetri.

Svar stjórnar: Nei, tillagan er eitt vetrargjald.

## Önnur mál

Mikil umræða milli nokkurra aðila úr sal og stjórnar varðandi verðlagningu á vetrargjöldum.

- Tillaga um að gjald gullvagnsins en stjórn leggur til 30.000 kr.
  - Kosning: Samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur.
- Tillaga um að bryggjugjöld að halda gjöldum óbreyttum.
  - Kosning: Samhljóða samþykki
- Tillaga vegna vetrargjalda að vetrargjöldin séu þau sömu.
  - Kosning: Samþykkt með þorra gegn 5

Breytingartillaga 1; Tillagan um vetrargjald verði dregin til baka.

Felld með þorra gegn 3.

Breytingartillaga 2; Tillagan um vetrargjald verði tekið niður um 50%.

Með: 22

Móti: 42

Breytingartillagan er felld.

## Lokaorð

Formaður tekur til máls og fer aðeins yfir stöðuna eins og hún er.

Að lokum er boðið til veitinga og fundi er slitið.